

Þróunarsjóður innflytjendamála

Verkefnið – námskeið um samfélagsmálefni fyrir innflytjendur

Í góðum málum – að kunna á íslenska kerfið

Styrkþegi: Þekkingarnet Austurlands

Samantekt: Námskeiðið var skipulagt í samvinnu Þekkingarnets Austurlands og AFL-starfsgreinafélags. Markmið þess að fræða innflytjendur um ýmis samfélagsmál sem skipta máli fyrir þann sem er virkur í atvinnulífinu. Áhersla var á að þátttakendur hefðu að loknu námskeiði gert eigin ferilskrá á íslensku og þekktu til hvaða réttindi og skyldur þeir hefðu í samfélaginu sem þeir búa í.

27 nemendur skráðu sig á námskeiðið sem var samtals 15 kennslustundir. Kennt var í tveimur hópum þ.e. á Egilsstöðum og á Reyðarfirði. Lögð var áhersla á að allir hefðu tök á að skilja það sem fram fór og var efni námskeiðsins þess vegna túlkað bæði á pólsku og ensku. Í mati þátttakenda sem fór fram í lok námskeiðs kom fram mikil ánægja en jafnframt einnig ábendingar um það sem betur mætti fara. Þessi tilraun tókst að mati umsjónaraðila mjög vel og verður vonandi upphaf að námskeiðum og gerð námsefnis sem nýtist í framtíðinni.

Project – A course for immigrants about social affairs

Grantee – East-Iceland Knowledge Network

Abstract: The course was arranged in cooperation between TNA and AFL- Labour union. The aim was to inform immigrants about various social affairs which matters for those involved in the Icelandic society as activ person. Emphasis was placed on that in the end every participants had their own CV in Icelandic and were informed of their obligations and rights in the Icelandic society.

The course had registrered 27 participants in 15 lessons. The group was divided in two, in Egilsstadir and Reydarfjordur. Emphasis was placed on understanding by everyone and therefore it was translated in Polish and English. The participants evaluation in the end was very positiv but we achieved also important comments about future refinements. This experiment worked out very well and hopefully it will be a start of courses and curriculum which will be useful in the future.

Laufey Eiríksdóttir – project manager

ÞNA/TNA East-Iceland Knowledge network